

## Áskorun á bæjarstjórn Fjallabyggðar - aðalfundur KF

**Til** : Fjallabyggð  
**Frá** : kf@kfbolti.is <kf@kfbolti.is>  
**Heiti** : Áskorun á bæjarstjórn Fjallabyggðar - aðalfundur KF  
**Málsnúmer** : 2006058  
**Málsaðili** : Knattspyrnufélag Fjallabyggðar  
**Skráð dags** : 29.06.2020 16:18:24  
**Höfundur** : kf@kfbolti.is <kf@kfbolti.is>

Áskorun til bæjarstjórnar Fjallabyggðar.

Á aðalfundi knattspyrnudeildar Fjallabyggðar 16. júní 2020, var samþykkt einróma að skora á bæjarstjórn Fjallabyggðar að meirihluti bæjarstjórnar efni kosningaloforð sitt um að gerður verði gervigrasvöllur á Ólafsfirði á þessu kjörtímabili.

Til stóð að hefja framkvæmdir í haust en vegna Covid-19 var þessum framkvæmdum frestað í ár.

Fundarmenn geta skilið þá afstöðu, mikilvægt er og skorað er á bæjarstjórn að taka þá afstöðu að hefja framkvæmdir á gervigrasvellingum á næsta ári.

Með bættri íþróttáðstöðu mun verða aukning á iðkendum og það hefur komið í ljós og sýnt sig á Dalvík eftir að framkvæmdum við gervigrasvöllinn var lokið þar.

Nær öll sveitarfélög á landinu með íbúa yfir 1500 manns hafa komið upp gervigrasvelli, þetta er þróun til að bæta íþróttáðstöðu og við getum ekki setið eftir í þeirri þróun ef við viljum búa í góðu sveitarfélagi, sem er umhugað um velferð íþróttafólks og við trúum því að meirihluti bæjarstjórnar í Fjallabyggð sé með okkur í því liði.

Fyrir hönd stjórnar knattspyrnudeildar Fjallabyggðar  
Þorsteinn Sigursveinsson formaður